

Mánudaginn hinn 20. Janúar 1919.

26/1918: Otto Tulinius f. h. eigenda og
 útgerðarmanna e.s. »Súlan«
 gegn
 C. Trolle f. h. váttryggingarhluta-
 félagsins »Mannheimer«

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði umboðsmaður váttryggingarhlutafélagsins »Mannheimer« C. Trolle kapteinn, fyrir sjórétti Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar gegn eiganda og útgerðarmanni gufuskipisins »Súlan« kaupmanni Otto Tulinius á Akureyri til greiðslu á 3075 kr., er h. f. »Mannheimer« hafði orðið að greiða hlutafélaginu Draupnir vegna skemda á skipi félagsins »Snorra Goða« útaf árekstri þess og e. s. »Súlan« 20. júlí 1914 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu. Máli þessu lauk svo með dómi sjóréttarins, uppkveðnum 31. jan. 1917, að Otto Tulinius var dæmdur til að greiða váttryggingarfélaginu »Mannheimer« 2075 kr. með 6% ársvöxtum frá stefnudegi 13. febr. 1915 til greiðsludags og málskostnað með 100 kr.

Dómi þessum hefur Otto Tulinius, að fenginni uppreisn, skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 11. júlí f. á., og krafist þess að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig að hann verði sýknað-

ur af öllum kröfum stefnda, og honum dæmdur málskostnaður fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins.

Stefndi C. Trolle f. h. váttryggingarhlutafélagsins »Mannheimer« krefst þess hins vegar, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir yfirdómi.

Tildrög máls þessa eru þau, að hinn 20. júlí 1914, fyrri hluta dags, rakst eimskipið Súlan frá Akureyri á eimskipið Snorra Goða frá Reykjavík utarlega á Eyjafirði. Skip þessi stunduðu sildarveiði og voru, að því er virtist, að keppa um sömu sildartorfuna. Við áreksturinn laskaðist Snorri Goði á bakborðshlið, herpinótarbátur þeim megin á skipinu brotnaði í spón og herpinótin rifnaði. Voru skemdir þessar metnar af dómkvöddum mönnum á 2075 kr. og greiddi váttryggingarfélagið »Mannheimer«, sem hafði Snorra Goða í sjóábyrgð, eiganda þessa upphæð auk 1000 kr. bóta fyrir «doksetningu» og töf skipsins, meðan á viðgerðinni stóð, en með því að umboðsmaður félagsins hér á landi leit svo á, að Súlan ætti ein sök á árekstrinum, höfðaði hann mál á hendur eiganda hennar til greiðslu á nefndum upphæðum.

Til upplýsingar um það, hver eigi sök á árekstrinum hafa verið haldin sjópróf, en skýrslur þær, er skipstjórinn á Snorra Goða og nokkrir af skipshöfninni annars vegar og skipstjórinn á Súlunni og nokkrir af skipshöfninni á henni hins vegar hafa gefið um áreksturinn, eru svo ósamhljóða, sérstaklega

um stefnur skipanna áður en árekustrinn varð, að þær er ekki samrýmanlegar.

Skýsla skisptjórans á Snorra Goða sem styðst við samhljóða framburð skipverja þeirra, er vitni hafa borið, og við útskriftina úr dagbók skipsins, er á þá leið, að hinn 20. júlí hafi Snorri Goði verið staddur nokkuð fyrir utan Ólafsfjörð; hafi þá um morguninn, kl. um 8, sést sildatorfa í 1,5-2 sjómílna fjarlægð til norðausturs; hafi þá verið haldið til sildartorfunar og stýrt stefnan N. Ö. og hafi skipstjórinn sjálfur staðið á stjórnpalli frá því haldið var af stað til sildartorfunnar og þar til áreksturinn átti sér stað. Þegar skipið var komið af stað, sá skipstjórinn annað skip, er reyndist vera Súlan, koma siglandi framundan á bakborða um 4 strik, og hafi verið sjáanlegt að það stefndi á þá leið, er Snorri Goði fór, þannig að stefnurnar hlutu að skerast, og eftir því er skipstjórinn sýndi afstöðu og stefnur skipana á sjókorti, skárust stefnur þeirra sem næst í réttu horni. Snorri Goði hélt áfram stefnu sinni óbreyttri með því að skipstjórinn gekk út frá því að Súlan mundi vikja til stjórnbörða, en þetta gerði hún ekki. Skipin nálgast hvort annað, og er þau hafi verið komin svo nærri hvort öðru, að hætt hafi verið við árekstri þá hafi hann snúið skipi sínu dálítið til stjórnbörða, en þar á móti hafi hann ekki orðið var við að Súlan hafi breytt stefnu sinni eða gert neitt til að forðast áreksturinn; hafi Súlan siglt inn á bakborðshlið

Snorra Goða, þannig að stefni hennar hafi lent aftan til á miðju hans.

Skýrsla skipstjórans á Súlunni er hins vegar á þá leið, að hann hafi komið frá Siglufirði, og siglt austur með landi, og er Súlan hafi verið komin vestanvert við Héðinsfjörð hafi sést sildartorfa að sjá inn og fram af Héðinsfirði; hafi hann þá látið stefna beint á sildartorfuna, en ekki hefur skipstjórinn getað tilgreint eftir hvaða kompásstriki siglt hafi verið. Um sama leyti og farið hafi verið að sigla að sildartorfunni kveðst hann hafa séð Snorra Goða koma siglandi því sem næst beint á móti sér, og kveðst hann hafa haldið að hann myndi sigla stjórnborðsmegin við sig, en ekki hefur hann nánar skýrt frá á hverju hann hafi byggt þetta. Þá er Snorri Goði hafi verið í á að giska 100 fadma fjarlægð hafi hann beygt snögt til stjórnborða og gefið um leið eitt stutt hljóð með skipsflautunni, og kveðst skipstjórinn þá hafa snúið Súlunni svo fljótt sem hægt var til bakborða og jafnframt stöðvað vélina, en um það hvar Súlan rakst á Snorra Goða eru skýrslunnar samhljóða.

Þá er gera á út um það hvor skýrslan eigi að hafa meira sönnunargildi kemur það til álita, að skýrsla skipstjórans á Snorra Goða er bæði nákvæmari og ákveðnari en sjóferðaskýrsla Súlunnar. Skipstjórinn á Snorra Goða hefur þannig sýnt á sjókortinu hvar skip hans var statt, er hann fór að sigla til sildartorfunnar, hvar sildartorfan var, í hvaða átt hinn sigldi og afstöðu Súlunnar og stefnu

hennar; skipstjórinn á Súlunni hefur þar á móti ekki getað sýnt á sjókortinu hvar hann var, er hann á Snorra Goða, hann hefur ekki getað sagt í hvaða átt hann hafi stýrt og auk þess er framburður hans í ýmsum atriðum ónákvæmur og jafnvel í mótsögn við það, er stendur í dagbók skipsins. Að þessu athuguðu verður að telja rétt að leggja skýrslu skipstjórans á Snorra Goða til grundvallar við dóm í málinu, og er þá enginn efi á því, að Súlan eða skipstjóri hennar á sök á árekstrinum, með því að Súlan hafði samkv. henni Snorra Goða á stjórnborða og var þvísamkv. 19. gr. ítilsk. 20. jan. 1899 um alþjóðlegar siglingareglur, er fylgt skal á íslenskum skipum, skyld tilþess að víkja úr leið, en jafnvel þótt skýrsla þeirra manna, er voru á Súlunni, sé lögð til grundvallar, virðist sökin vera hennar megin. Af Súlunnar hálfu er því haldið fram, að skipin hafi siglt sem næst því, beint hvort á móti öðru, þar til Snorri Goði í á að giska 100 faðma fjarlægð hafi beygt snögt til stjórnborða og í dagbókarútdrætti Súlunnar er stefna Snorra Goða eftir það talin því nær beint á stefnu Súlunnar, og einnig er þar sagt að Snorri Goði hafi þá verið í svo mikilli fjarlægð að honum hefði verið auðvelt að forðast árekstur, en þá virðist auðsætt — eins og sjódomurinn tekur fram — að Súlan hefði getað komist hjá árekstrinum, með því að snúa jafnskjótt til stjórnborða, eins og gildandi siglingarreglur mæla fyrir um, en í stað þess lét skipstjórinn snúa skipinu snögt til bakborða án þess að séð verði að til þess hafi verið nokkur nauðsyn. Þessi skoðun styrkist og við

það, að skipstjórinn á Súlnni hefur fyrir sjóréttinum látið það álit sitt í ljósi, að hægt hefði verið að komast hjá árekstrinum, ef Snorri Goði hefði beygt til bakborðs, jafn- skjótt og Súlan beygði til bakborða og auk þess hefur skip- stjórinn ekki treyst sér til að neita því að hann hefði getað komist hjá árekstrinum með því að snúa til stjórnborða eftir að Snorri Goði sneri til stjórnborða. Af þessu virðist mega ráða, að bilið milli skipanna hafi enn- þá verið svo mikið að þau hafi haft töluvert svigrúm.

Það verður því að fallast á niðurstöðu þá, er sjó- rjetturinn hefir komist að, að Súlan eigi sök á árekstri skipanna, og að eigandi hennar sje því skyldur til að bæta skaða þann, er af árekstrinum leiddi, og þaræð ekki er neinn ágreiningur um upphæð skaða- bótanna, er teknar voru til greina í hinum áfrýjaða dómi, og með því einnig má fallast á ákvæði dóms- ins um vexti og málskostnað, ber að staðfesta hann í öllum greinum. Eftir þessum úrslitum verður áfrýj- andi að greiða stefnda málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 60 kr.

Mál þetta var lagt í dóm í undirretti 29. apríl 1916, en dómur var ekki kveðinn upp í því, fyr en 31. jan. 1917. Fyrir þessum drætti á uppsögn dóms- ins er færð sú ástæða að annar meðdómsmannanna, málflutningsmaður Björn Líndal, er fyrstur hafi feng- ið skjölin til yfirlesturs og sammings dómsatkvæðis síns, hafi alt sumarið og fram á vetur verið fjarver- andi við atvinnurekstur í öðru lögsagnarumdæmi og hafi ekki afhent hinum dómendum sjódómsins máls- skjölin og dómsatkvæði sitt fyr en 24. jan. 1917.

Þennan langa drátt á uppsögn dómsins verður yfir-
dómurinn að vita, þótt ekki þyki full ástæða til ex
officio að láta hlutaðeigandi dómara sæta sektum fyrir
dráttinn.

því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.
Áfrýjandi Otto Tulinius greiði stefnda C. Trolle,
f. h. váttryggingarhlutafjelagsins Mannheimer 60
kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dómi þessum skal fullnægja áður 8 vikur
sjeu liðnar frá lögbirtingu hans að viðlagðri
laga-aðför.

Mánudaginn 27. janúar 1919.

Nr 30/1919:

Gísli Sveinsson fyrir hönd

C. A. Kruise

gegn

Jóni Laxdal.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði yfirrettarmálaflutningsmaður
Gísli Sveinsson f. h. C. A. Kruise skipstjóra á segl-
skipinu „Ellen“ frá Svendborg fyrir sjórjetti Reykja-
víkur gegn G. Copland kaupmanni til þess að fá